




Fréttatilkynning 7. september 2023

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar janúar - júní 2023

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar-júní 2023 var afgreiddur í borgarráði í dag, fimmtudaginn 7. september. Hér eru raktar meginniðurstöður árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir A- og B-hluta og A-hluta.

A – og B – hluti:




Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta var neikvæð um 6,7 ma.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 6,0 ma.kr. afgangi. Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 23,1 ma.kr.






Helstu frávik frá áætlun voru í fjármagnslið sem var 9 ma.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Þar munar mestu um að verðbólga tímabilsins var 5,3% eða 2,5%-stigum hærrí en áætlun gerði ráð fyrir en áætlun gerði ráð fyrir 2,8% hækkun á tímabilinu janúar-júní 2023. Auk þess sem 9,5% lækkun álverðs frá áramótum olli 2,6 ma.kr. gjaldfærslu vegna innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiða). Matsbreyting fjárfestinga Félagsbústaða var jákvæð um 702 m.kr. sem var 3,2 ma.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir en hægt hefur á hækkun fasteignaverðs sem einkennt hefur síðastliðin 2 ár. Skatttekjur voru 3,6 ma.kr. yfir áætlun sem að skýrast að mestu leyti af hærra útsvari vegna launahækkana og aukins vinnumagns.




Hreinar vaxtaberandi skuldir jukust um 11,7 ma.kr. frá áramótum en hreinar skuldir jukust um 16 ma.kr. Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda milli ára má einkum rekja til nýrra lána umfram afborganir og meiri verðbólgu. Heildareignir A- og B-hluta samkvæmt samanteknum efnahagsreikningi 30. júní 2023 námu samtals 893,4 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 478,9 ma.kr. Eigið fé nam 414,5 ma.kr., en þar af nam hlutdeild minnihluta 15,9 ma.kr. Eiginfjárhlutfall A- og B-hluta dróst saman frá áramótum til júní loka úr 48,7 í 46,4%.



Veltufé frá rekstri hjá A- og B-hluta nam 16,5 ma.kr. eða 13,5% af tekjum en áætlun gerði ráð fyrir 18,1 ma.kr. eða 15,0%. Fjárfestingar að fráðregnum seldum eignum námu 22,4 ma.kr. og greidd gatnagerðargjöld og seldur byggingarréttur námu 2,4 ma.kr. Lántaka og ný




stofnframlög námu 30,4 ma.kr. á tímabilinu, nýjar leiguskuldir námu 170 m.kr. og afborganir lána og leiguskulda námu 16,9 ma.kr. Handbært fé í lok júní var 33,3 ma.kr.




Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var 13,5% á tímabilinu og hækkaði um 2,5%-stig borið saman við sama tímabil í fyrra og brúttó fjárfesting var 19,2% í hlutfalli af tekjum og lækkuðu um 2,5%-stig miðað við sama tímabil 2022.

A – hluti:





Rekstrarniðurstaða A-hluta á fyrri hluta ársins 2023 var neikvæð um 0,9 ma.kr. Rekstrarniðurstaða án halla af málefnum fatlaðs fólks var jákvæð um 3,8 ma.kr. en hallinn af málaflokknum nam 4,8 ma.kr. á tímabilinu. Samanlagður halli af málaflokki fatlaðs fólks á árunum 2011-2023_06 nemur 40,4 ma.kr.




Afkoma A-hluta var 1,8 ma.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 4,5 ma.kr. yfir áætlun, einkum skatttekjur sem voru 3,6 ma.kr. yfir áætlun. Rekstrarútgjöld A-hluta með afskriftum voru 5,1 ma.kr. yfir fjárheimildum. Þar af voru laun og launatengd gjöld 2,1 ma.kr. yfir fjárheimildum en kostnaður hjá skóla- og frístundasviði vegna aukins stuðnings við börn af erlendum uppruna og hátt veikindahlutfall bæði hjá skóla- og frístundasvið og velferðarsviði, sem og orlofstaka starfsfólks á velferðarsviði á uppsöfnuðu orlofi hafa kallað á aukna mönnun. Annar rekstrarkostnaður var 1,9 ma.kr. en kostnaður vegna verðlagshækkana, úrræða vegna rakaskemmda á starfstöðum, snjóþungur vetur og vistgreiðslur vegna barna með þroska- og geðraskanir voru helstu ástæður fráviks.

Nettó fjármagnsgjöld voru neikvæð um 0,9 ma.kr. og voru 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Mestu frávikin voru í vaxta- og verðbóttagjöldum sem voru 1,6 ma.kr. yfir áætlun en verðbólga tímabilsins var 5,3% á meðan áætlun gerði ráð fyrir 2,85%. Arðgreiðslur voru 0,5 ma.kr. yfir áætlun en arðgreiðsla frá Orkuveitu Reykjavíkur var tveim mánuðum fyrr á ferðinni í ár og nam 5,1 ma.kr.






Frá áramótum til loka júní 2023 jukust hreinar skuldir og skuldbindingar um 7 ma.kr. Aukningu í hreinum skuldum má helst rekja til 11,9 ma.kr. lántöku umfram afborganir, 4,2 ma.kr. hækkunar verðbóta og affalla, 0,4 ma.kr. hækkunar á lífeyrisskuldbindingu umfram afborganir en á móti kom að handbært fé hækkaði um 9,8 ma.kr. frá áramótum. Heildareignir A-hluta samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2023 námu samtals 275,8 ma.kr. og heildarskuldir ásamt skuldbindingum voru 194,2 ma.kr. Eigið fé nam 81,7 ma.kr. og eiginfjárhlutfall nam 29,6%.



Veltufé frá rekstri var jákvætt um 6,8 ma.kr. Heildarfjárfestingar námu 11 ma.kr., söluverð seldra rekstrarfjármuna nam 0,9 ma.kr. Samanlögð gatnagerðargjöld og tekjur af byggingarétti námu 2,4 ma.kr. Lántaka tímabilsins nam 14,8 ma.kr., þar af nam útgáfa grænna skuldabréfa 2,9 ma.kr. og nýjar leiguskuldir námu 168 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 2,9 ma.kr. Handbært fé í lok júní nam tæpum 20 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um 7,8% á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir 7,1%. Töluverður viðsnúningur er nú á veltufé frá rekstri samanborið við síðustu tvö ár en það var jákvætt á tímabilinu um 6,8 ma.kr. en var neikvætt um 4,5 ma.kr. fyrir ári síðan. Arðgreiðsla frá Orkuveitu Reykjavíkur sem nam 5,1 ma.kr. var fyrr á ferðinni í ár og skýrir þessa breytingu að hluta. Ef horft er framhjá arðgreiðslunni var veltufé frá rekstri jákvætt um 1,7 ma.kr.

Staða fjárhagslegra markmiða og mælikvarða samkvæmt fjármálastefnu fyrir árin 2023-2027 er eftirfarandi:

Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023_03	2023_06	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstramiðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✘ -3.974	✘ -921	✘ -5.991	🟡 2.166	🟢 6.035	🟢 7.067	🟢 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✘ 83%	✘ 81%	✘ 86%	✘ 82%	🟢 80%	🟢 80%	🟢 79%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✘ -1,6%	🟢 7,8%	✘ 2,2%	✘ 5,9%	🟢 7,6%	🟢 7,8%	🟢 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✘ -0,4	🟢 1,6	✘ 0,4	✘ 0,7	🟢 1,1	🟢 1,1	🟢 1,1
5*	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	-	-	🟡 83%	🟡 80%	🟢 65%	🟢 64%	🟢 54%
6*	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	-	-	🟢 85%	🟢 85%	🟢 86%	🟢 84%	🟢 79%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	🟢 13.587	🟢 19.986	🟢 10.950	🟢 9.317	🟢 8.826	🟢 8.754	🟢 9.572

* Eingungis reiknað og birt á ársgrundvelli

Þensla í hagkerfinu og viðvarandi verðbólga hefur það sem af er ári sett mark sitt á rekstur borgarinnar. Seðlabanki Íslands hefur haldið áfram hækkun stýrivaxta til að ná tókum á verðbólgunni og voru þeir hækkaðir síðast þann 23. ágúst sl. um 0,5% og eru nú 9,25%. Það er mat Seðlabanka Íslands að þrátt fyrir að verðbólga hjaðni hratt í okkar helstu viðskiptalöndum og hafi verið að síga niður á við héraðis, þá er hún ennþá of mikil. Há verðbólga hefur áhrif á fjármagnslið í rekstri en á móti kemur felur þenslan í hagkerfinu í sér hátt atvinnustig sem skilar hærri útsvarstekjum en áætlað var.

Reykjavíkurborg fylgir samþykktri fjármálastefnu 2023-2027, en hún var undirbúin sl. haust með hliðsjón af fjárhagslega erfiðri stöðu og ytra efnahagslegu umhverfi borgarinnar. Í stefnunni er skýr áhersla á að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með markvissum aðgerðum



Í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn er á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.

Fráviki í rekstri B-hluta fyrirtækja skýrast af hærri verðbólgu en áætlað var en lækkun álverðs frá áramótum um 9,5% hefur jafnframt umtalsverð áhrif á álafleiðu í rekstraruppgjöri Orkuveitu Reykjavíkur. Þá hafa minni áhrif af hækkun fasteignaverðs en áætlað var áhrif í rekstri Félagsbústaða.

Samþykkt hafa verið lög frá Alþingi sem miða að því að gera sveitarfélögunum kleift að takast á við vanda kórónaveirunnar til skemmri og millilangs tíma með tilslökun í fjármálareglum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 fram til ársins 2025, sbr. lög nr. 22/2021.

Reykjavík, 7. september 2023.

Nánari upplýsingar veitir
Halldóra Káradóttir sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs
halldora.karadottir@reykjavik.is